

14.12.07. nr 3
S.A.



SSV
Samtök sveitarfélaga
á Vesturlandi

Gunnólfur Lárusson
sveitarstjóri Dalabyggðar

Borgarnes, 12. des. 2007.

370 Búðardal

Vegna Sláturhússins í Búðardal.

Atvinnuráðgjöf Vesturlands var beðin um það á síðastliðnu hausti að skoða hvort sláturhúsarekstur í Búðardal ætti einhverja framtíð fyrir sér.

Eftir umfjöllun þar innandyra var ákveðið að leita til Margrétar Jóhannsdóttur viðskiptafræðings með að skoða málið heimafyrir. Rökin fyrir því eru að þarna er heimamanneskja með þekkingu á sláturhúsarekstri.

Fyrsta spurningin sem vaknaði þegar um þetta var rætt, var í ljós reynslunnar hvort heimamenn væru tilbúnir til að leggja þarna inn afurðir sínar, en það er grundvallaratriði í svona rekstri, að heimamenn standi á bakvið afurðafélag í heimabyggð, því ef þeir hafa ekki trú á því hver á þá að hafa trú á því?

Í meðfylgjandi samantekt Margrétar eru efasemdir um samstöðu og það að framleiðendur heima fyrir standi á bak við svona rekstur niðurstaða hennar.

Nálgist heimamenn verkefnið með sameiginlega sýn og að gefnum ákveðnum forsendum er það hennar mat að skoða ætti forsendur betur.

Það er þeirra aðila sem yfir fasteignunum ráða að taka endanlega ákvörðun um þetta mál. Vonandi er meðfylgjandi greinargerð innlegg í það mál.

Atvinnuráðgjöf Vesturlands er að sjálfsögðu reiðubúin til að ræða þetta við Sveitarjörn Dalbyggðar óski hún eftir því.

Virðingarfyllst,
f.h. Atvinnuráðgjafar Vesturlands

Ólafur Sveinsson
Forstöðumaður

Meðfylgjandi: samtantekt vegna Sláturhússins í Búðardal.

Samantekt vegna Sláturhússins í Búðardal.

Eru forsendur til þess að koma aftur af stað slátrun í Sláturhúsinu í Búðardal!

1. Eru einhverjir bændur tilbúnir að leggja afurðir sínar þar inn?
2. Er einhver markaður fyrir afurðir þaðan?
3. Er rekstrargrundvöllur fyrir sláturhús í Búðardal?
4. Er húsið samkeppnisfært við hina stóru sláturleyfishafa sem eru á markaðnum í dag?
5. Er einhver vilji hjá eigendum sláturhússins til að hafa þar slátrun?
6. Er sláturhúsið í Búðardal einhvers virði?

1. Vilja einhverjir leggja inn í Búðardal?

Ég ræddi við þó nokkra af stærri sauðfjárbændunum í Dalabyggð og kom það mér í raun á óvart að a.m.k. í orði kveðnu lýstu þeir sig næstum allir mjög jákvæða í garð Sláturhússins í Búðardal. Í þessum samtölum kom þó berlega í ljós að þessir bændur voru ekki tilbúnir til þess að gangast í það sjálfir á nokkurn hátt að aftur færi af stað slátrun í Búðardal.

Bændurnir voru mjög varkárir í yfirlýsingum sínum en allir töldu þeir sig þó reiðubúna til að leggja a.m.k. hluta af afurðum sínum inn í Sláturhúsið í Búðardal ef þangað kæmi traustur rekstraraðili. Ef upphafið gengi vel lýstu þeir flestir sig reiðubúna til að leggja allt sitt þangað inn á næstu árum. Allir lögðu ríka áhreslu á að það skipti höfuðmáli fyrir trúverðugleika Sláturhússins að þangað kæmi öruggur, sterkur og traustur rekstraraðili, annars yrði það dauðadæmt fyrirfram.

Nokkrir bændanna höfðu það samt á orði að þeir væru búnir að koma sér vel fyrir hjá sínum sláturleyfishafa og væru ekki vissir um að þeir vildu breyta, nema þá að hluta, því þeirra sláturleyfishafar væru tilbúnir til þess að veita þeim þá fyrirgreiðslu sem þeir óskuðu eftir.

2. Er einhver markaður fyrir framleiðsluvörurnar?

Það liggur fyrir að samkeppni er mikil á sölu dilkakjöts og stóru sláturleyfishafarnir eru í markaðsráðandi stöðu og þeir hafa tök á því að vera með veruleg undirboð á markaðnum bara til þess eins að nýjir aðilar nái ekki fótfestu. Fyrra sláturleyfishafar í Búðardal hafa bitra reynslu af því að markaðskostnaður er mikill og erfitt að fóta sig ef fyrirtæki hafa ekki stóran heimamarkað fyrir afurðir sínar.

Til að hefja slátrun aftur í Búðardal þarf að mínu mati annað hvort:

- .. að gera það í mjög góðri samvinnu við starfandi markaðsfyrirtæki s.s. kjötvinnslu.
- .. að fara út í framleiðslu á allt öðruvísi vörum, t.d. sérstaklega lífrænt ræktað og einstaklingsmiðaða framleiðslu.

Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að þeir bændur sem eru að hugsa um að sjá sjálfir um eigin markaðsmál myndu kanna gaumgæfilega kosti þess að komast yfir sláturhúsið í Búðardal til að framkvæma slátrunina og þar hefðu þeir aðgang að mjög góðum frystigeymslum, því ég get engan veginn séð fyrir mér að bændurnir komi upp einkasláturhúsum á hverjum bæ og einkafrystihúsum (gámum) til að geyma afurðirnar þar til þeir koma þeim til viðtakenda.

Í samtölum mínum við bændur kom nefnilega í ljós að nokkrir þeirra hafa uppi hugmyndir um að fara sjálfir út í heimaverkun á afurðum sínum og þeir ætla þá einnig að sjá sjálfir um sölu þeirra. Sumir þeirra eru reyndar með þær hugmyndir að fá einhvern sláturleyfishafa til þess að slátra fyrir sig og síðan ætla þeir að taka kjötið til sín og koma því til neytenda. Þeir hafa einhverjar hugmyndir um að bændur í Evrópu komi sínum afurðum þannig á markað og hygga á sama.

3. Er rekstrargrundvöllur fyrir sláturhúsinu í Búðardal?

Fyrir á þessu ári fóru aðilar frá Kf. Borgfirðinga og skoðuðu sláturhúsið í Búðardal og að sögn leist þeim mjög vel á húsið sjálft og megnið af búnaði þess. Eftir ítarlega útreikninga ákváðu þeir samt að halda að sér höndum þar sem þeir gátu ekki séð rekstrargrundvöll á þessu húsi miðað við fjárbindingu í afurðum og fjármagnskostnað sem fylgdi bæði birgðum og kaupum á fasteignum.

Með góðfúslegu leyfi kaupfélagsmanna fékk ég að skoða þær forsendur sem þeir unnu út frá í útreikningum sínum. Eftir að hafa yfirfarið útreikninga þeirra, fæ ég ekki annað séð en þeir hafi farið nokkuð vandlega í gegnum flesta þá þætti sem hafa þarf í huga við rekstur hefðbundins sláturhúss. Þeir gera reyndar ekki ráð fyrir kostnaði við yfirstjórn og bókhald og það er nokkur galli að mínu áliti, þar sem kröfur nútímans er nánast staðgreiðsla afurða og það hefur m.a. í för með sér meiri pappírsvinnu en áður.

Ég get því vel skilið niðurstöðu kaupfélagsmanna að það væri ekki grundvöllur til þess að kaupa Sláturhúsið í Búðardal ehf. á fullu verði. En í raun finnst mér fjármagnskostnaður vegna kaupa á húsinu ofmetinn í útreikningum þeirra, því mér finnst óraunhæft að áætla kaupverðið eins hátt og þeir gerðu, en þ.e. að kaupa allt hlutafé á nafnverði og yfirtaka allar ákvílandi skuldir.

Í því sambandi má geta þess að hefði Dalabyggð haldið áfram beint eða óbeint að halda um stjórnartaumana við slátrun í sláturhúsinu hefðu þeir getað vænst þess að fá eitthvað af sínu framlagi endurgreitt. En þegar málið er komið í núverandi stöðu getur sveitarfélagið í mesta lagi vænst þess að fá til sín fasteignagjöldin og lítið ef nokkuð umfram það. Og þá skiptir í raun engu máli hvort Kf. Skagfirðinga verður áfram með húsið „á leigu“ eða hvort húsið yrði afhent öðrum rekstraraðila til umsjónar.

4. Er sláturhúsið í Búðardal samkeppnisfært?

Því lengri tími sem líður frá því húsið var notað síðast því dýrara verður að koma því af stað aftur. Kröfur til sláturhúsa eru sífellt að breytast og það kallar á dýrar viðbætur, endurbætur o.fl. á húsum. Ef það er ekki gert jafnóðum þá verður það dýrara. Það eru líka að aukast kröfur varðandi losun úrgangs frá sláturhúsum, auknar kröfur um geymslu á fé fram að slátrun (réttirnar) og síðan örmerkingar sauðfjár sem fylgja skulu gripum í gegnum sláturhús. Svo ekki sé minnst á að staðgreiða þarf afurðir nokkrum dögum eftir slátrun. Allt þetta eru viðbætur sem orðið hafa á umhverfi slátrunar síðan síðast var slátrað í Búðardal.

Núverandi sláturleyfi í húsinu í Búðardal var gefið út á Dalalamb ehf. og ef einhver annar en það fyrirtæki hygga á slátrun í húsinu, þarf að fara af stað ferli á ný til að fá sláturleyfi, því það er tengt fyrirtækinu en ekki húsinu. Ef einhver ætlar að starta slátrun í húsinu þyrfti hann að fá að kaupa hlutafélagið Dalalamb ehf. af Dalabyggð því þannig mætti komast hjá því að þurfa að vera á byrjunarreit með að fá sláturleyfi. Ef hlutafélagið Dalalamb yrði keypt þá

þyrfti jafnframt að fá eftirgefnar allar skuldir sem hvíla á því en Dalalamb ehf. skuldar eingöngu Dalabyggð peninga. En þá þyrfti að hafa fljóta fætur því það er búið að samþykkja í sveitarstjórn að leggja það félag niður.

5. Er einhver vilji hjá eigendum sláturhússins til að hafa þar slátrun ?

En þá er komið að stærsta hlutanum í þessu máli öllu, en það er afstaða sveitarfélagsins Dalabyggðar um það hvernig þeir vilja haga sínum atvinnumálum til lengri tíma litið.

Það liggur fyrir að Dalabyggð er stærsti eigandi hlutafjár í Sláturhúsinu í Búðardal ehf. og því veltur það alfarið á því hvað sveitarstjórnin ákveður að gera við þessa eign sína hvort um einhvern rekstur gæti orðið að ræða þar, þ.e.a.s. annan en að leigja húsið til Kf. Skagfirðinga sem geymslu. Í dag virðist hvorki vera áhugi né vilji hjá sveitarstjórnarmönnum í Dalabyggð til þess að halda áfram slátrun í Búðardal og þá eru hendur allra annarra bundnar, því það eru jú bara eigendur hlutafjár í Sláturhúsinu í Búðardal ehf. sem geta rift núverandi leigusamningnum við Kf. Skagfirðinga. Sú riftun eða uppsögn er forsenda þess að hægt sé að gera eitthvað annað við húsið.

6. Er sláturhúsið í Búðardal einhvers virði?

Búðardalur stendur á gatnamótum til allra átta, þ.e. Vestfjarða, Norðurlands, Snæfellsness og Borgarfjarðar, auk þess sem einungis er 2 klst. akstur á markað á Höfuðborgarsvæðinu. Það er því ljóst að sláturhús í Búðardal er mjög vel í sveit sett fyrir alla framleiðendur í þessum landshluta og stutt á stærsta neytendamarkaðinn. Það er því ekki að undra að Kf. Skagfirðinga hafi séð sér leik á borði að koma í veg fyrir samkeppni á þessum landsvæði og því boðist til að taka sláturhúsið í Búðardal á leigu. Það var auðvelt þar sem ný sveitarstjórn stóð illa að vígi vegna þekkingarskorts í svona málum, auk þess sem sveitarstjórnin féllst á að ganga frá þessu máli án þess að láta almenning í sveitarfélaginu nokkuð af því vita fyrir en allt var um garð gengið.

Kf. Skagfirðinga hefur að stærstum hluta verið að nota sláturhúsið sem kjötgeymslu og nú einnig gærugeymslu. En skv. heimildum eru þeir að byggja sér frystihús fyrir norðan, þannig að eftir 1-2 ár þurfa þeir ekki lengur á Búðardal að halda og þá gæti sláturhúsið í Búðardal orðið að draugahúsi.

Og þá vaknar spurningin hvers virði er slátur- og frystihúsið í Búðardal? Hvert er raunhæft söluverð slíkrar eignar þegar hún er ekki í starfrækslu? Hvernig verður húsið nýtt í framtíð ef ekki verður þar slátrun. Hver er raunveruleg eign í þessu húsi? Hvers virði er það eigendum hlutafjár ef þar er lítill eða enginn rekstur?

Mat mitt er, að nú þegar er Dalabyggð búin að tapa öllum þeim fjármunum sem þeir hafa lagt í þessi fyrirtæki, nema ef vera skyldi fasteignagjöldum. Hvort sem sveitarstjórn Dalabyggðar líkar það betur eða verr er málum bara þannig komið að þeir geta afskrifað í bókhaldi sínu öll framlög til sláturhússins. En ég tel að Dalabyggð væri aftur á móti mikill akkur í því að húsinu yrði áfram haldið í starfrækslu þannig að það gæfi óbeint af sér útsvarstekjur og síðan fengjust fasteignagjöld af húsinu greidd. Að ógleymdu því að það skiptir miklu máli að húsinu og umhverfi þess sé vel viðhaldið svo það verði ekki að draugalegum stein-kumbalda á besta stað í plássinu.

Niðurstaða.**Kostir:**

- Staðsetning sláturhússins í Búðardal á landsvísu býður upp á marga kosti, m.a. verður stutt norður á Hólmarvík eftir opnun Arnkötludalsvegur.
- Væri sláturhúsið selt í dag ætti söluverð hússins ekki að vera hátt þar sem það er verðlaust án rekstrar, nema helst frystihúsið. Því ætti húsið að fást fyrir lítinn pening.
- Það eru margir tilbúnir að leggja inn dilka hjá sláturhúsinu ef traustir rekstraraðilar koma að rekstrinum á því.
- Séu bændur í Dölum og nágrenni á þeim buxunum að fara út í að framleiða sérstakar „gæðavörur“ þá er hér húsið til þess, en það er samt trúlega of stórt.

Ókostir:

- Því lengri tími sem líður frá því sláturhúsið var í notkun síðast, því dýrara verður að koma því í rekstur á ný, m.a. vegna breytinga á reglugerðumhverfi. Svo ekki sé minnst á þá fyrirhöfn sem fylgir því að fá sláturleyfi.
- Samkeppni yrði hörð á markaðnum og hætt við undirboðum frá stóru sláturleyfishöfunum.
- Hagkvæmniútreikningar fyrir rekstur sláturhússins í Búðardal m.v. fjöldaframleiðslu sýnir ekki fram á mikla framlegð frá sláturhlutanum (þ.m.t. fjármagnskostnaður birgða) til að mæta yfirumsjón og fjármagnskostnaði af fjárfestingum, en getur samt verið í lagi ef kaupverð er skikkanlegt og allir hlaupi í sömu áttina.
- Almenn áhugaleysi virðist ríkja meðal ráðamanna í Dalabyggð um framtíð sláturunar sem gerir það að verkum að ekki eru líkur til þess að þeir yrðu liðlegir við að aðstoða með að koma vinnu af stað í húsinu. Þeir virðast treysta blint á KS-menn að þeir vilji hafa húsið áfram á leigu.

Mitt mat er að það sé rekstrargrundvöllur fyrir sláturhús í Búðardal ef vel er að verki staðið og heimamenn (ásamt með t.d. Borgfirðingum) leggist á eitt með að láta þessa hluti ganga. Það er hins vegar alveg ljóst að þá verður einnig að koma til algjör eining milli bænda annars vegar og sveitarstjórnar hins vegar um að láta hlutina ganga og eiga viðskipti í heimabyggð. Einnig þarf að vera til staðar mjög öruggur kaupandi að vörunum sem er tilbúinn að ganga í gegnum eld og brennistein með framleiðendum í upphafi, því ljóst er að aðrir sláturleyfishafar munu sækja fast á ef farið er út í almenna fjöldaslátrun.

Ef fara á út í þetta þarf því að vinna hratt og vel mikla undirbúningsvinnu bæði varðandi fjármögnun í upphafi og viðskiptasambönd (bæði við bændur og kaupendur) og koma málinu af stað haustið 2008. Ef það verður ekki nú, þá verður það aldrei.

Ef ekki næst mjög víðtækur stuðningur og samstarfsgrundvöllur milli aðila strax í upphafi þá er betra heima setið en af stað farið. Þannig að miðað við söguna og samstarfshæfni heimamanna þá er þetta dauðadæmt.

Búðardal, 20. nóvember 2007.

Margrét Jóhannsdóttir
Margrét Jóhannsdóttir.